

## **Leiðbeiningar um vinnutengdar heilbrigðisskoðanir, skráningu og tilkynningar slysa, atvinnusjúkdóma og atvinnutengdra sjúkdóma**

Leiðbeiningarnar eru einkum ætlaðar þeim sem annast heilbrigðisskoðanir starfsmanna, skráningu og tilkynningar slysa, atvinnusjúkdóma og atvinnutengdra sjúkdóma. Tekin eru upp helstu atriði í reglum og reglugerðum sem varða þessi atriði og settar hafa verið skv. lögum um vinnuvernd nr. 46/1980 (hér eftir nefnd vinnuverndarlögin). Þegar vitnað er í reglur og reglugerðir er yfirleitt um beinar tilvitnanir að ræða (án tilvitnunarkerkja) en þau atriði einkum tilfærð sem varða heilbrigðisskoðanir beint. Stundum er vitnað til greina eða viðauka annars staðar í reglunum eða reglugerðunum og er þá nauðsynlegt fyrir notendur að fletta þeim upp en allar reglur og reglugerðir sem falla undir vinnuverndarlögin má finna undir fyrirsögninni *Lög og reglur* á <http://www.vinnueftirlit.is>. Oft er vitnað til ákvæða um áhættumat. Til að forðast óþarfa endurtekningar verður framvegis í leiðbeiningum þessum yfirleitt talað um reglugerðir og er þá átt við hvort heldur reglur eða reglugerðir.

### **Almennt um heilsufarsskoðanir**

Heilsufarsskoðanir starfsmanna skulu taka mið af áhættumati í fyrirtækjum, þekkrar áhættu í starfsgreinum sem og þeim reglugerðum sem í gildi eru um mismunandi starfsemi. Heilbrigðisstarfsmenn skulu annast heilsufarsskoðanir. Heilsuvernd á vinnustað nær ekki til almennrar heilsugæslu starfsmanna vegna tilfallandi sjúkdóma eða óþæginda nema um sé að ræða sameiginlega ósk atvinnurekanda og starfsmanna.

*Markmið með heilsufarsskoðunum starfsmanna er að koma í veg fyrir eða hefta atvinnutengda vanlíðan, atvinnutengda sjúkdóma eða atvinnusjúkdóma.*

Samkvæmt vinnuverndarlögnum (67. gr.) skulu starfsmenn eiga kost á heilsufarsskoðun á kostnað atvinnurekanda áður en þeir eru ráðnir til starfa, meðan þeir eru í starfi og þegar við á eftir að þeir eru hættir störfum, ef starfsskilyrði þeirra eru slík að heilsutjón

geti hlotist af og ástæða til að ætla að á þann hátt megi koma í veg fyrir eða hefta atvinnusjúkdóma eða atvinnutengda sjúkdóma.

Í reglum<sup>1</sup> sem félagsmálaráðherra setur, að fenginni umsögn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins og landlæknis, skal nánar kveðið á um í hverju heilsufarsskoðun skuli fólgin, tíðni eftirlits og hvaða mælingar og aðrar rannsóknir skulu gerðar að teknu tilliti til starfsumhverfis. Heimilt er að setja slíkar reglur fyrir einstakar starfsgreinar<sup>2</sup>.

<sup>1</sup> [Rg. 920/2006](#), [rg. 921/2006](#), [rg. 922/2006](#) <sup>2</sup> [lög 46/1980](#)

Atvinnurekandi skal tryggja að heilsufarsskoðanir, mælingar og rannsóknir valdi ekki tekjutapi hjá starfsmönnum. Starfsmönnum og fyrrverandi starfsmönnum ber skylda til að gangast undir eftirlit, skoðanir, mælingar og rannsóknir samkvæmt reglum þeim, sem gilda á hverjum tíma (lög 46/1980, 69. gr.)

Læknir eða annar heilbrigðisstarfsmaður sem kemst að því eða fær grun um að starfsmaður eða hópur starfsmanna hafi atvinnusjúkdóm, atvinnutengdan sjúkdóm eða hafi orðið fyrir öðrum skaðlegum áhrifum vegna starfa sinna, skal án ástæðulausrar tafar tilkynna það til Vinnueftirlitsins (lög 46/1980, 79. gr.). Eyðublöð um tilkynningar atvinnusjúkdóma má finna á heimasíðu Vinnueftirlitsins, [www.vinnueftirlit.is](http://www.vinnueftirlit.is) undir flípanum [Eyðublöð og tilkynningar](#).

## Hverjir sinna heilsufarseftirliti?

Heilbrigðisstarfsmenn skulu annast heilbrigðisskoðanir starfsmanna og skal við þær tekið mið af áhættumati á vinnustað eða þekktum áhættuþáttum ef lögbundið áhættumat hefur ekki verið gert.

*Atvinnurekendur ber ekki skylda til að bjóða starfsmönnum upp á almenna heilsugæslu en er það frjálst.*

## Sérstök ákvæði um heilsufarsskoðanir

Nokkrar reglugerðir, sem falla undir vinnuverndarlögin, fela í sér sérstök ákvæði um heilsufarseftirlit. Ýmist er um að ræða rétt starfsmanna til heilsufarsskoðana eða skyldur atvinnurekenda til að skipuleggja slíkt eftirlit. Yfirleitt er talað um heilsufarsskoðanir en í

reglugerð nr. [098/2002 \(12. gr.\)](#) um verndun starfsmanna gegn hættu á heilsutjóni af völdum efna, sem geta valdið krabbameini eða stökkbreytingu á vinnustöðum, er sérstaklega minnst á læknisskoðanir.

Yfirlætt er tekið fram í reglugerðum, sem kveða á um heilsufarsskoðanir, að halda skuli skýrslur um heilsufar einstaklinga í samræmi við lög og reglur og upplýsa viðkomandi einstakling um niðurstöður skoðana. Það er túlkun yfirlæknis Vinnueftirlitsins að þetta feli í sér að um varðveislu þessara gagna fari eftir ákvæðum um sjúkraskrár. Í mörgum tilfellum ber að tilkynna Vinnueftirlitinu um niðurstöðurnar og kynna þær fyrir öryggistrúnaðarmönnum og öryggisvörðum. Ákvæði um hversu lengi skuli geyma skýrslur um heilsufar starfsmanna er að finna í sumum reglugerðum en á nokkrum stöðum er tekið fram að starfsmaður skuli fá nauðsynlegan búnað til úrbóta eða búnað til að draga úr hættu sér að kostnaðarlausu. Í nokkrum reglugerðum er tekið fram að þeir, sem bera ábyrgð á heilsufarseftirliti, skuli gera tillögur um til hvaða verndar- eða forvarnaráðstafana skuli gripið með tilliti til einstakra starfsmanna.

Í eftirfarandi reglugerðum sem falla undir vinnuverndarlögin eru sérákvæði um heilsufarsskoðanir starfsmanna.

### [Reglugerð um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum 920/2006](#)

Árið 2006 var sett reglugerð um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum í samræmi við vinnuverndarlögin. Markmið reglugerðarinnar er að koma á kerfisbundnu vinnuverndarstarfi innan vinnustaða. Í reglugerðinni er m.a. fjallað um öryggistrúnaðarmenn, öryggisverði, öryggisnefndir og verkefni þeirra, skyldur atvinnurekenda og starfsmanna. Í VIII kafla reglugerðarinnar er fjallað um áætlun um öryggi og heilbrigði og heilsufarsskoðanir. Allir sem koma að vinnuverndarstarfi ættu að kynna sér þessa reglugerð ítarlega.

#### 1. gr. *Gildisvið.*

Reglugerð þessi gildir um alla starfsemi þar sem einn eða fleiri menn vinna, hvort sem um er að ræða eigendur fyrirtækja eða starfsmenn og lög nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum, gilda um.

Ákvæði annarra laga, reglna eða reglugerða, sem hafa að geyma strangari reglur um heilsuvernd og öryggi starfsmanna en reglugerð þessi mælir fyrir um skulu halda gildi sínu.

#### VIII. KAFLI

### Áætlun um öryggi og heilbrigði og heilsufarsskoðanir.

26. gr.

*Almennt.*

Atvinnurekandi ber ábyrgð á gerð skriflegrar áætlunar um öryggi og heilbrigði á vinnustað, sbr. 65. gr. laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum. Áætlunin skal tryggja að vinnuverndarstarf fyrirtækisins verði markvisst. Skal hún meðal annars fela í sér sérstakt áhættumat, sbr. 27. gr. reglugerðar þessarar, sem og áætlun um heilsuvernd, þar á meðal áætlun um forvarnir, sem byggð er á áhættumati, sbr. 28. gr. reglugerðar þessarar. Áætlunin á að gefa gott yfirlit yfir áhættu- og álagsþætti og forvarnir til að koma í veg fyrir eða draga úr hættu á heilsutjóni og slysum vegna vinnuaðstæðna og til að stuðla að öryggi, heilbrigði og vellíðan starfsmanna.

Atvinnurekandi skal sjá til þess að áætlun um öryggi og heilbrigði skv. 1. mgr. sé framfylgt í daglegri starfsemi fyrirtækisins og að vinnuverndarstarfið sé órjúfanlegur þáttur hennar. Árangur af hinu kerfisbundna starfi skal metinn reglulega í samráði við öryggisvörð og öryggistrúnaðarmann eða öryggisnefnd fyrirtækisins og úrbætur gerðar eftir því sem niðurstöður árangursmatsins gefa tilefni til.

Áætlun um öryggi og heilbrigði skv. 1. mgr. skal fela í sér ferli stöðugra umbóta. Áður en breytingar eru gerðar á starfsemi fyrirtækis skal atvinnurekandi meta, hvort þær feli í sér áhættu með tilliti til öryggis og heilsu starfsmanna og hvort úrbóta sé þörf. Í forvarnaskyni skal gera a.m.k. árlega samantekt yfir vinnuslys, óhöpp og atvinnutengda sjúkdóma sem upp hafa komið frá síðustu samantekt.

Áætlun um öryggi og heilbrigði skv. 1. mgr. skal vera aðgengileg innan fyrirtækisins fyrir þá sem annast vinnuverndarstarfið, svo og aðra starfsmenn. Á sama hátt skal áætlunin vera aðgengileg starfsmönnum Vinnueftirlits ríkisins óski þeir eftir því.

27. gr.

*Áhættumat.*

Áhættumat skal vera skriflegt og taka til vinnuaðstæðna starfsmanna. Við gerð áhættumats skal meta áhættu í starfi með tilliti til öryggis og heilsu starfsmanna og áhættuþátta í vinnuumhverfi. Hafa skal hliðsjón af eðli starfseminnar sem og stærð og

skipulagi fyrirtækisins. Jafnframt skal sérstaklega litið til starfa þar sem fyrirsjáanlegt er að öryggi og heilsu starfsmanna sem sinna þeim sé meiri hættu búin en öðrum starfsmönnum. Við áhættumatið skal veða saman alvarleika hættunnar og líkurnar á því að hættu skapist.

Aðferðir við gerð áhættumats eru valfrjálssar en sú aðferð sem valin er hverju sinni skal vera til þess fallin að greina þá áhættu sem getur verið til staðar í fyrirtækinu. Tryggt skal að áhættumatið feli í sér eftirfarandi:

- a. *Greiningu* – að vinnuaðstæður séu skoðaðar á kerfisbundinn hátt og áhættuþættir í vinnuumhverfi, vinnuskipulagi og við framkvæmd vinnu greindir og skráðir.
- b. *Mat* – að allir áhættuþættir séu metnir, þ.e. eðli, alvarleiki, umfang og orsök hættunnar.
- c. *Samantekt* – að gerð sé samantekt á niðurstöðum áhættumatsins.

Vinnueftirlit ríkisins gefur út leiðbeiningar um gerð áhættumats og áætlunar um heilsuvernd, þar á meðal áætlunar um forvarnir, sem skulu taka mið af breytilegum aðstæðum einstakra atvinnugreina.

#### 28. gr.

##### *Áætlun um heilsuvernd og framkvæmd hennar.*

Þegar áhættumat skv. 27. gr. liggur fyrir ber atvinnurekandi ábyrgð á að gerð sé áætlun um heilsuvernd, þar á meðal áætlun um forvarnir.

Áætlun skv. 1. mgr. skal fela í sér að gerðar séu nauðsynlegar úrbætur í samræmi við niðurstöður áhættumatsins.

Tilgreina skal til hvaða aðgerða er gripið af hálfu atvinnurekanda til að koma í veg fyrir eða draga úr þeirri áhættu sem kom í ljós við áhættumatið, svo sem úrbætur varðandi skipulag og framkvæmd vinnunnar, leiðbeiningar, fræðslu, þjálfun, val á tækjum, efnum eða efnablöndum, notkun öryggis- eða hlífðarbúnaðar, innréttingar á vinnustað eða aðrar forvarnir.

Þegar í stað skal bregðast við bráðri áhættu og þeirri áhættu sem auðvelt er að draga úr eða koma í veg fyrir. Í áætlun skv. 1. mgr. skal forgangsraða úrbótum sem grípa þarf til vegna áhættu á vinnustað og tímasetja hvenær þeim verði lokið.

Við val á aðgerðum skal taka mið af þeim almennu viðmiðum um forvarnir sem fram koma í viðauka I. Eftir að áhættan hefur verið metin á þann hátt sem nauðsynlegt er skulu forvarnarráðstafanir felldar inn í alla starfsemi vinnustaðarins á öllum stigum þar sem þær eiga við. Atvinnurekandi skal laga þessar ráðstafanir að breyttum kringumstæðum og hafa að markmiði að bæta ríkjandi aðstæður.

29. gr.  
*Eftirfylgni.*

Atvinnurekandi skal tryggja eftirfylgni að úrbótum loknum með því að meta úrbætur að ákveðnum tíma liðnum og gera endurbætur ef þörf krefur.

30. gr.  
*Endurskoðun áætlunar um öryggi og heilbrigði.*

Endurskoða skal áætlun um öryggi og heilbrigði þegar breytingar á vinnuáðstæðum, vinnutilhögun eða framleiðsluáðferðum breyta forsendum hennar. Þegar vinnuslys eða alvarleg óhöpp verða eða komi upp atvinnutengdir sjúkdómar eða önnur atvik eða aðstæður sem benda til áhættu skal endurskoða þá þætti áætlunarinnar sem eiga við.

31. gr.  
*Heilsufarsskoðanir.*

Starfsmenn skulu eiga kost á heilsufarsskoðunum á kostnað atvinnurekanda áður en þeir eru ráðnir til starfa, meðan þeir eru í starfi og þegar við á eftir að þeir eru hættir störfum, enda séu vinnuáðstæður þeirra slíkar að heilsutjón geti hlotist af og ástæða til þess að ætla að með heilsufarsskoðunum megi koma í veg fyrir eða hefta atvinnusjúkdóma og atvinnutengda sjúkdóma.

Heilsufarsskoðanir skv. 1. mgr. skulu vera í höndum heilbrigðisstarfsmanna og taka mið af áhættumati viðkomandi fyrirtækja og starfsgreina og einnig þeim reglum sem í gildi eru um mismunandi starfshópa.

VIÐAUKI I  
**Almenn viðmið um forvarnir**

Við skipulagningu og útfærslu vinnunnar skal atvinnurekandi byggja á þeim almennu viðmiðum um forvarnir sem hér fara á eftir:

- a) að koma í veg fyrir áhættu,
- b) að meta áhættu sem ekki er unnt að koma í veg fyrir,
- c) að ráðast að rótum áhættunnar,
- d) að laga vinnuferli að einstaklingum, einkum við hönnun vinnustaðarins, og þegar valin eru tæki og vinnu- og framleiðsluáðferðir. Skal þetta einkum gert til að draga úr einhæfni við vinnu og vinnu með fyrirfram ákveðnum hraða svo að koma megi í veg fyrir heilsuspillandi áhrif sem slíkt kann að hafa á starfsmenn,

- e) að aðlagast tækniframförum,
- f) að skipta á því sem er hættulegt og því sem er ekki hættulegt eða er síður hættulegt,
- g) að móta heildstæða stefnu um forvarnir sem tekur til tækni, skipulagningar vinnunnar, vinnuskilyrða, félagslegra tengsla og þátta er tengjast vinnuumhverfi,
- h) að forvarnir sem ná til fjölda starfsmanna hafi forgang fram yfir ráðstafanir sem vernda einstaka starfsmenn,
- i) að starfsmenn fái viðeigandi tilsögn.

### Reglugerð 430/2007 um bann við notkun asbests á vinnustöðum

#### 9. gr. Heilsueftirlit

Í þeim tilvikum sem veitt hefur verið undanþága fyrir vinnu með asbest verður að liggja fyrir mat á heilsufari allra starfsmanna áður en þeir hefja vinnu við asbest sbr. 4. gr. (Í 4. gr. segir að notkun asbests á vinnustöðum sé óheimil en Vinnueftirlit ríkisins geti veitt heimild til niðurrifs á byggingum, byggingarblutum, vélum eða öðrum búnaði sem inniheldur asbest og er vísað til 7. gr. reglugerðarinnar þar sem fjallað er um vinnu við niðurrif og viðhald. Leiki vafi á hvort asbest sé til staðar við niðurrif eða aðra vinnu skuli fara fram greining á viðkomandi efni eða búnaði svo gera megi viðeigandi ráðstafanir sé um asbest að ræða.) Í mati á heilsufari skal felast sérstök brjóstholsskoðun. Í III. viðauka er að finna hagnýt ráð sem taka má mið af í tengslum við klínískt eftirlit starfsmanna.

Nýtt mat verður að liggja fyrir að minnsta kosti þriðja hvert ár á meðan starfsmenn vinna með asbest.

Halda skal skýrslur um heilsufar einstaklinga í samræmi við lög og reglur og á það við um alla starfsmenn sem um er getið í 1. málsgrein. (Í 1. málsgrein segir að reglugerðin gildi um alla starfsemi sem falli undir lög nr. 46/1980 ... og þar sem asbest og vörur, sem hafa asbest að geyma, eru notaðar, framleiddar og meðhöndlaðar á einhvern hátt. Reglugerðin gildi fyrir vörur sem innihaldi asbest sem óbreinindi ef hlutur asbests er 1% eða meiri. Um innflutning, notkun og meðhöndlun asbests að öðru leyti en því sem tilgreint er í þessari reglugerð gildir reglugerð um takmarkanir á innflutningi, notkun og meðhöndlun asbests, nr. 870/2000.)

Í kjölfar þess klíniska eftirlits sem um getur í 2. mgr. (Í 2. gr. segir að markmið reglugerðarinnar sé að fyrirbyggja atvinnusjúkdóma sem innöndun asbests hefur í för með sér.) ætti læknir eða sá aðili sem annast heilsueftirlit starfsmanna að veita ráð um allar verndar- og

forvarnarráðstafanir sem gera ætti með tilliti til hvers einstaklings. Þar sem við á geta þær ráðleggingar t.d. falist í því að hlutaðeigandi starfsmaður verði færður á annan stað þar sem ekki er unnið með asbest.

Veita skal starfsmönnum upplýsingar og ráð er varða hvers konar mat á heilsufari þeirra eftir að þeir verða ekki lengur fyrir mengun af asbesti.

#### 10. gr.

##### *Skráning og varðveisla gagna*

Atvinnurekandi skal halda skrá yfir starfsmenn í viðvarandi asbestvinnu, þar sem lýst er eðli vinnu þeirra og lengd vinnutíma og þeirri mengun sem þeir hafa orðið fyrir. Læknir sá eða yfirvald sem ber ábyrgð á heilsueftirliti skal hafa aðgang að skrá þessari. Sérhver starfsmaður skal hafa aðgang að þeim upplýsingum í skránni sem hann varða. Starfsmenn eða fulltrúar þeirra skulu hafa aðgang að sameiginlegum upplýsingum í skránni sem ekki tengjast einstaklingum.

Geyma ber skrána sem um getur í 1. mgr. (sjá þar) og heilsufarsskýrslurnar sem um getur í 9. gr. í 40 ár hið minnsta eftir að starfsmaður varð síðast fyrir mengun í samræmi við lög og reglur. Sé starfsemin lögð niður skal koma skránum sem um getur í 1. mgr. til Vinnueftirlits ríkisins til varðveislu.

Vinnueftirlit ríkisins skal halda skrá yfir tilfelli sem greinast af asbestveiki (asbestosis) og iðraþekjuæxli (mesothelioma).

### III. VIÐAUKI

#### **Hagnýt ráð um klínískt eftirlit sem um getur í 9. gr.**

1. Rannsóknir hingað til gefa til kynna að verði menn fyrir mengun af lausum asbestrefjum getur hún leitt til eftirfarandi sjúkdóma:

- asbestveiki,
- iðraþekjuæxlis,
- berkjukrabbameins,
- krabbameins í maga og görnum.

2. Lækni þeim og/eða yfirvaldi sem ber ábyrgð á heilsueftirliti starfsmanna er verða fyrir asbestmengun er skylt að þekkja til skilyrða þeirra eða aðstæðna hjá hverjum starfsmanni.

3. Klínískt eftirlit starfsmanna skyldi framkvæmt í samræmi við starfsreglur og –venjur atvinnusjúkdómafræðinnar; í henni skyldu að minnsta kosti felast eftirfarandi ráðstafanir:

- skráning á heilsufarssögu og starfsferli starfsmanns,
- persónulegt viðtal,
- almenn læknisskoðun, einkum með tilliti til brjóstholis
- athugun á öndunarvirkni.

Sá sem ber ábyrgð á heilsufarsskoðuninni tekur ákvörðun um frekari skoðun, svo sem frumufraeðipróf á hráka eða röntgen- eða tölvusneiðmyndatöku af brjóstholi, í ljósi nýjustu þekkingar sem atvinnusjúkdómafræðin hefur yfir að ráða.

### Reglugerð um varnir gegn álagi vegna hávaða á vinnustöðum 921/2006

#### I. KAFLI

##### 4. gr.

##### *Viðmiðunarmörk og viðbragðsmörk fyrir álag vegna hávaða*

Viðmiðunarmörk og viðbragðsmörk fyrir daglegt álag vegna hávaða og hámarkshljóðþrýsting skulu vera eftirfarandi:

- a. viðmiðunarmörk álags vegna hávaða:  $L_{EX,8h} = 87$  dB(A) og  $p_{peak} = 200$  Pa <sup>(1)</sup>,
- b. efri viðbragðsmörk álags vegna hávaða:  $L_{EX,8h} = 85$  dB(A) og  $p_{peak} = 140$  Pa <sup>(2)</sup>,
- c. neðri viðbragðsmörk álags vegna hávaða:  $L_{EX,8h} = 80$  dB(A) og  $p_{peak} = 112$  Pa <sup>(3)</sup>.

Þegar álag á starfsmann vegna hávaða á vinnustað er metið með tilliti til viðmiðunarmarkna skv. a-lið 1. mgr. skal taka mið af þeirri hljóðdeyfingu sem fæst með þeim heyrnarhlífum sem hann notar við störf sín.

<sup>(1)</sup> 140 dB (C) m.v. 20 µPa.

<sup>(2)</sup> 137 dB (C) m.v. 20 µPa.

<sup>(3)</sup> 135 dB (C) m.v. 20 µPa.

Þegar álag á starfsmann vegna hávaða á vinnustað er metið með tilliti til viðbragðsmarkna skv. b- eða c-liðum 1. mgr. skal ekki taka tillit til hljóðdeyfingar sem fæst með heyrnarhlífum.

Þar sem álag vegna hávaða við störf breytist verulega frá degi til dags, er heimilt að meta álagið á starfsmenn með tilliti til viðmiðunarmarkna og viðbragðsmarkna vikulegs

álags vegna hávaða í stað viðmiðunarmarka og viðbragðsmarka daglegs álags vegna hávaða þegar eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:

a. gildi vikulegs álags vegna hávaða skv. fullnægjandi mati eða mælingu fari ekki yfir viðmiðunarmörk sem nema 87 dB(A), og

b. gerðar séu viðeigandi ráðstafanir til að draga eins og kostur er úr áhættunni sem fylgir hlutaðeigandi starfsemi.

Álag vegna hávaða má aldrei fara yfir viðmiðunarmörk samkvæmt ákvæði þessu, sbr. þó 9. gr. reglugerðar þessarar. (*Í 9. gr. er fjallað um undanþágur frá notkun heyrnarhlífa.*)

5. gr.

*Sérstök vinnusvæði.*

Í stjórnklefum, verkstjórnarherbergjum og öðrum stöðum þar sem mikilvægt er að samræður geti átt sér stað skal að því stefnt að hávaði fari ekki yfir 65 dB(A) að jafnaði á vinnutíma.

Í mat- og kaffistofum er æskilegt að hávaði fari ekki yfir 60 dB(A) að jafnaði þann tíma sem notkun stendur yfir.

Á skrifstofum og öðrum stöðum þar sem gerðar eru miklar kröfur til einbeitingar og samræður eiga að geta átt sér stað óhindrað skal leitast við að hávaði fari ekki yfir 50 dB(A) að jafnaði á vinnutíma.

### III KAFLI Heilsufarsskoðanir

12. gr.

*Framkvæmd heilsufarsskoðana.*

Þegar áhættumat skv. 6. gr. reglugerðar þessarar (*í 6. gr. er fjallað um áhættumat*) gefur til kynna að heilsu og öryggi starfsmanna sé hætta búin skal atvinnurekandi sjá til þess að umræddum starfsmönnum sé boðin heilsufarsskoðun, sbr. 67. gr. laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum.

Starfsmenn sem verða fyrir álagi vegna hávaða yfir efri viðbragðsmörkum skv. b-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar þessarar, þrátt fyrir ráðstafanir sem atvinnurekandi gerir til að koma í veg fyrir slíkt álag, skulu eiga rétt á heyrnarmælingu sem læknir eða annar aðili með tilskilin réttindi annast. Starfsmenn sem verða fyrir álagi vegna hávaða yfir neðri viðbragðsmörkum skv. c-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar þessarar skulu eiga kost á heyrnarmælingum þegar áhættumat skv. 6. gr. reglugerðarinnar gefur til kynna að heilsu

og öryggi þeirra sé hætta búin. Heyrnarmælingu skal gera á tíðnistigum 500, 1000, 2000, 3000, 4000, 6000 og 8000 rið.

Markmið heyrnarmælinga skv. 2. mgr. er að greina sem fyrst heyrnartap vegna hávaða og koma í veg fyrir frekari heyrnarskaða.

Heilsufarsskoðanir samkvæmt ákvæði þessu skulu vera í höndum heilbrigðisstarfsmanna.

Sá sem annast heilsufarsskoðanir starfsmanna skal varðveita skrá um heilsufar hvers starfsmanns sem gengst undir heilsufarsskoðun samkvæmt ákvæði þessu og skal skráin uppfærð við hverja skoðun. Í skrá um heilsufar skulu teknar saman niðurstöður úr heilsufarsskoðun ásamt atvinnusögu hlutaðeigandi starfsmanns síðustu árin. Um frágang og meðferð heilsufarsskrár fer samkvæmt gildandi reglugerð um sjúkraskrár og skýrslugerð varðandi heilbrigðismál. Hlutaðeigandi starfsmaður skal hafa aðgang að skrá um heilsufar sitt óski hann eftir því.

Atvinnurekandi skal bera kostnað vegna heilsufarsskoðana starfsmanna samkvæmt ákvæði þessu.

### 13. gr.

#### *Niðurstöður heilsufarsskoðana.*

Leiði heilsufarsskoðun skv. 12. gr. í ljós heyrnarskaða eða önnur skaðleg áhrif á heilsu starfsmanns skal læknir eða annar sérfræðingur, telji læknir það nauðsynlegt, meta hvort líkur eru á að rekja megí heyrnarskaðann eða hin skaðlegu áhrif til álags vegna hávaða við vinnu. Megí rekja heyrnarskaðann eða hin skaðlegu áhrif til álags vegna hávaða við vinnu skal sá sem annast skoðunina:

- a. greina viðkomandi starfsmanni frá niðurstöðum sem varða hann sjálfan, og
- b. gefa hlutaðeigandi atvinnurekanda upplýsingar um niðurstöðu heilsufarsskoðunarinnar, að teknu tilliti til þagnarskyldu heilbrigðisstarfsmanna.

Komi upp tilvik skv. 1. mgr. skal atvinnurekandi:

- a. endurskoða áhættumat, sbr. 6. gr. reglugerðar þessarar,
- b. endurskoða áætlun um heilsuvernd, þar á meðal áætlun um forvarnir, sbr. 7. gr. reglugerðar þessarar,

c. taka til greina ráðleggingar viðurkenndra þjónustuaðila, sbr. 66. gr. a laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum, þar á meðal þess sem annaðist umrædda heilsufarsskoðun, eða Vinnueftirlits ríkisins við framkvæmd hvers konar nauðsynlegra ráðstafana til að útiloka eða draga úr áhættu, sbr. 7. gr. reglugerðar þessarar, þar á meðal hvort unnt sé að fá viðkomandi starfsmanni annað starf þar sem ekki er hætta á frekara álagi vegna hávaða, og

d. sjá til þess að heilsufarsskoðanir fari áfram fram og að aðrir starfsmenn sem hafa starfað við sambærilegar aðstæður gangist undir heilsufarsskoðun.

Sá sem annast heilsufarsskoðun skal tilkynna Vinnueftirliti ríkisins um niðurstöðuna þegar um er að ræða atvinnusjúkdóm, atvinnutengdan sjúkdóm eða ef viðkomandi starfsmaður hefur orðið fyrir öðrum skaðlegum áhrifum vegna starfa sinna, sbr. 3. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum.

### Reglugerð um varnir gegn skaðlegum áhrifum titrings á heilbrigði og öryggi starfsmanna 922/2006

#### 4.gr.

*Viðmiðunarmörk og viðbragðsmörk fyrir álag vegna vélræns titrings.*

Viðmiðunarmörk og viðbragðsmörk fyrir álag vegna handar- og handleggstitrings skulu vera eftirfarandi:

- a. dagleg viðmiðunarmörk fyrir átta klukkustunda viðmiðunartímabil skulu vera 5 m/s<sup>2</sup>,
- b. dagleg viðbragðsmörk fyrir átta klukkustunda viðmiðunartímabil skulu vera 2,5 m/s<sup>2</sup>.

Álag á starfsmenn vegna handar- og handleggstitrings skal metið eða mælt skv. 1. tölul. A-hluta viðauka reglugerðar þessarar.

Viðmiðunarmörk og viðbragðsmörk fyrir álag vegna titrings í öllum líkamanum skulu vera eftirfarandi:

- a. dagleg viðmiðunarmörk fyrir átta klukkustunda viðmiðunartímabil skulu vera 1,15 m/s<sup>2</sup>,
- b. dagleg viðbragðsmörk fyrir átta klukkustunda viðmiðunartímabil skulu vera 0,5 m/s<sup>2</sup>.

Álag á starfsmenn vegna titrings í öllum líkamanum skal metið eða mælt skv. 1. tölul. B-hluta viðauka reglugerðar þessarar.

Álag vegna vélræns titrings má aldrei fara yfir viðmiðunarmörk og viðbragðsmörk samkvæmt ákvæði þessu, sbr. þó 5. gr. reglugerðar þessarar.

## 5. gr.

*Undanþága frá viðmiðunarmörkum og viðbragðsmörkum fyrir álag vegna vélræns titrings.*

Vinnueftirliti ríkisins er heimilt að veita tímabundna undanþágu frá viðmiðunarmörkum fyrir álag vegna vélræns titrings skv. 1. og 3. mgr. 4. gr. reglugerðar þessarar í tilvikum þegar álag á starfsmann vegna vélræns titrings er að jafnaði undir tilgreindum mörkum en er þó breytilegt þannig að það getur einstöku sinnum farið yfir mörkin.

Skilyrði fyrir undanþágu skv. 1. mgr. er að meðalgildi álags vegna vélræns titrings sé undir tilgreindum mörkum skv. 1. og 3. mgr. 4. gr. reglugerðar þessarar á hverjum 40 klst. og að unnt sé að sýna fram á að áhætta af álagi vegna vélræns titrings á starfsmanninn verði ekki umfram þá áhættu sem rekja má til álags vegna vélræns titrings sem er við mörkin skv. 1. og 3. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar. Enn fremur skal atvinnurekandi tryggja að áhættunni sé haldið í lágmarki og að hlutaðeigandi starfsmaður gangist undir heilsufarsskoðun skv. III. kafla reglugerðar þessarar.

Vinnueftirlit ríkisins skal halda skrá yfir þær undanþágur sem veittar eru samkvæmt ákvæði þessu og ástæður þeirra.

## III. KAFLI

**Heilsufarsskoðanir**

## 10. gr.

*Framkvæmd heilsufarsskoðana.*

Þegar áhættumat skv 6. gr. reglugerðar þessarar gefur til kynna að heilsu og öryggi starfsmanna sé hættu búin skal atvinnurekandi sjá til þess að umræddum starfsmönnum sé boðin heilsufarsskoðun, sbr. 67. gr. laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum. Á það einkum við þegar:

- a. unnt er að tengja álag vegna vélræns titrings við greinanleg sjúkdómseinkenni eða skaðleg áhrif á heilsu viðkomandi starfsmanns,
- b. líkur eru á að sjúkdómseinkennin eða hin skaðlegu áhrif megi rekja til sérstakra vinnuaðstæðna starfsmannsins, og
- c. fyrir hendi er viðurkennd tækni til að greina sjúkdómseinkenni eða skaðleg áhrif á heilsu.

Starfsmenn sem verða fyrir álagi vegna vélræns titrings yfir viðmiðunarmörkum skv. 4. gr. reglugerðar þessarar, þrátt fyrir ráðstafanir sem atvinnurekandi gerir til að koma í veg fyrir slíkt álag, skulu eiga rétt á viðeigandi heilsufarsskoðunum.

Heilsufarsskoðunum er meðal annars ætlað að greina fljótt hvers konar sjúkdómseinkenni eða skaðleg áhrif á heilsu starfsmanna sem tengjast álagi vegna vélræns titrings svo koma megi í veg fyrir þau. Á þetta sérstaklega við þegar nýta á niðurstöður heilsufarsskoðana við skipulagningu fyrirbyggjandi ráðstafana á vinnustað.

Heilsufarsskoðanir samkvæmt ákvæði þessu skulu vera í höndum heilbrigðisstarfsmanna.

Sá sem annast heilsufarsskoðanir starfsmanna skal varðveita skrá um heilsufar hvers starfsmanns sem gengst undir heilsufarsskoðun samkvæmt ákvæði þessu og skal skráin uppfærð við hverja skoðun. Í skrá um heilsufar skulu teknar saman niðurstöður úr heilsufarsskoðun. Um frágang og meðferð heilsufarsskrár fer samkvæmt gildandi reglugerð um sjúkraskrár og skýrslugerð varðandi heilbrigðismál. Hlutaðeigandi starfsmaður skal hafa aðgang að skrá um heilsufar sitt óski hann eftir því.

Atvinnurekandi skal bera kostnað vegna heilsufarsskoðana starfsmanna samkvæmt ákvæði þessu.

#### 11. gr.

##### *Niðurstöður heilsufarsskoðunar.*

Leiði heilsufarsskoðun í ljós sjúkdóm eða skaðleg áhrif á heilsu starfsmanns sem að mati þess er annast skoðunina má rekja til álags vegna vélræns titrings við vinnu skal sá sem annast skoðunina:

- a. greina viðkomandi starfsmanni frá niðurstöðum sem varða hann sjálfan. Skal starfsmaðurinn einkum fá upplýsingar og leiðbeiningar um hvers konar heilsufarsskoðanir hann skuli gangast undir eftir að álagi vegna vélræns titrings lýkur.
- b. gefa hlutaðeigandi atvinnurekanda upplýsingar um niðurstöðu heilsufarsskoðunarinnar, að teknu tilliti til þagnarskyldu heilbrigðisstarfsmanna. Komi upp tilvik skv. 1. mgr. skal atvinnurekandi:
  - a. endurskoða áhættumat, sbr. 6. gr. reglugerðar þessarar,
  - b. endurskoða áætlun um heilsuvernd, þar á meðal áætlun um forvarnir, sbr. 7. gr. reglugerðar þessarar,
  - c. taka til greina ráðleggingar viðurkenndra þjónustuaðila, sbr. 66. gr. a laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum, þar á meðal þess sem annaðist umrædda heilsufarsskoðun, eða Vinnueftirlits ríkisins við framkvæmd hvers konar nauðsynlegra ráðstafana til að útiloka eða draga úr áhættu, sbr. 7. gr. reglugerðar þessarar, þar á meðal hvort unnt sé að fá viðkomandi starfsmanni annað starf þar sem ekki er hætt á frekara álagi vegna vélræns titrings, og

d. sjá til þess að heilsufarsskoðanir fari áfram fram og að aðrir starfsmenn sem hafa starfað við sambærilegar aðstæður gangist undir heilsufarsskoðun.

Sá sem annast heilsufarsskoðun skal tilkynna Vinnueftirliti ríkisins um niðurstöðuna þegar um er að ræða atvinnusjúkdóm, atvinnutengdan sjúkdóm eða ef viðkomandi starfsmaður hefur orðið fyrir öðrum skaðlegum áhrifum vegna starfa sinna, sbr. 3. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum.

### **Reglugerð 553/2004** **um verndun starfsmanna gegn hættu á heilsutjóni af völdum efna á vinnustöðum**

#### III. KAFLI. **Heilsuvernd**

##### 12. gr.

##### *Heilsuvernd starfsmanna*

Þegar áhættumatið skv. 4. gr. (4. gr. fjallar um ábættumati) gefur til kynna að heilsu og öryggi starfsmanna sé hættu búin skal atvinnurekandi sjá til þess að umræddir starfsmenn njóti heilsuverndar, sbr. XI. kafla laga, nr. 46/1980 með síðari breytingum, og gildandi reglur um heilsufarsskoðun og heilsuvernd.

Heilsuvernd skv. 1. mgr. (Í 1. gr. segir að reglugerðin gildi um hvers konar starfsemi þar sem starfsmenn verða fyrir eða eiga á hættu að verða fyrir mengun frá efnum og vinnuverndarlögin gilda um, sbr. þó strangari ákvæði í sérlægum og sérreglum um einstaka efni.) skal meðal annars fela í sér að starfsmaður geti gengist undir heilsufarsskoðun þegar mengun frá varasömu efni, sem starfsmaður verður fyrir, veldur sjúkdómi eða öðrum neikvæðum áhrifum á heilsu hans, tiltekinn sjúkdómur getur komið upp við þau vinnuskilyrði sem starfsmaður vinnur við og að aðferðin sem notuð er við heilsufarsskoðunina sé starfsmanni hættulítill.

Starfsmenn er vinna með varasöm efni sem hafa bindandi líffræðileg mengunarmörk, sbr. I. viðauka, skulu gangast undir heilsufarsskoðun áður en þeir hefja störf og reglulega eftir það. Atvinnurekandi skal upplýsa starfsmanninn um þessa skyldu áður en hann hefur störf.

Sá er annast heilsuvernd starfsmanna skal halda skrá um sjúkrasögu viðkomandi starfsmanna sem gangast undir heilsufarsskoðanir auk þeirrar mengunar sem þeir hafa orðið fyrir. Í skránni skal enn fremur koma fram niðurstaða heilsuverndar samkvæmt ákvæði þessu og hvernig henni hefur verið háttað. Fara skal með slíkar upplýsingar sem trúnaðarmál.

Starfsmenn skulu í samræmi við lög og gildandi reglur hafa aðgang að niðurstöðu heilsuverndar er varðar persónu þeirra.

Sá er annast heilsuvernd starfsmanna skal afhenda Vinnueftirliti ríkisins afrit af skrá skv. 4. mgr. óski það eftir því. Fara skal með slíkar skrár sem trúnaðarmál.

Atvinnurekandi skal tilkynna Vinnueftirliti ríkisins um öll sjúkdómstilfelli eða dauðsföll sem álitin eru afleiðing vegna mengunar af varasömum efnum á vinnustöðum.

Þegar starfsemi fyrirtækis eða stofnunar er lögð niður skal afhenda Vinnueftirliti ríkisins eintak af skránni skv. 4. mgr. og skal það varðveita hana í samræmi við ákvæði þetta.“

### 13. gr.

#### *Niðurstöður heilsuverndar*

Gefi niðurstaða heilsuverndar til kynna að starfsmaður þjáist af sjúkdómi eða merki eru um önnur neikvæð áhrif á heilsu hans, sem sá er annast heilsuverndina eða annar hæfur sérfræðingur telur vera afleiðingu mengunar frá varasömu efni á vinnustað eða farið hefur verið yfir bindandi líffræðileg mengunarmörk, skal sá er annast heilsuverndina tilkynna starfsmanninum um niðurstöðuna. Þar á meðal skal upplýsa og leiðbeina starfsmanninum um hvers konar heilsuvernd hann eigi kost á eftir að dregið hefur verið úr mengun eins og nauðsyn krefur.

Þegar um er að ræða tilvik skv. 1. mgr. skal atvinnurekandi endurskoða áhættumatið skv. 4. gr., forvarnir skv. 5. gr. (*5. gr. fjallar um forvarnir*) og þær ráðstafanir sem hann hefur gripið til skv. 7. gr. (*7. grein fjallar um ráðstafanir vegna mengunar*) reglugerðar þessarar. Enn fremur skal atvinnurekandi leita ráðleggingar hjá sérfræðingi í atvinnusjúkdómum eða öðrum hæfum aðila og gera viðeigandi úrbætur til að ráða bót á ástandinu.

## I. VIDAUKI

### **Bindandi líffræðileg mengunarmörk og heilsuvernd**

#### *1. Blý og jónasambönd þess*

1.1. Atvinnurekandi skal sjá til þess að starfsmaður sem vinnur með blý fari í heilsufarsskoðun áður en starfið hefst. Heilsufarsskoðun skal framkvæmd þriðja hvert ár á meðan blýmengun varir. Mælist blýinnihald í blóði starfsmanns það hátt að það leiði til tilfærslu í starfi, sbr. lið 1.2 viðauka þessa skal viðkomandi gangast undir heilsufarsskoðun. Sama á við mælist mengun yfir hálfum gildandi mengunarmörkum sbr. reglur um mengunarmörk og aðgerðir til að draga úr mengun.

Bindandi líffræðileg mengunarmörk fyrir blý í blóði eru 1,0  $\mu\text{mól/l}$  blóð hjá konum undir 50 ára að aldri og 2,0  $\mu\text{mól/l}$  blóð hjá öðru starfsfólki.

Atvinnurekandi skal sjá til þess að blóðsýni sé tekið til að mæla blýinnihald þess áður en starfsmaður hefur störf eða í síðasta lagi 15 dögum eftir starfsbyrjun. Eftir það skal mæla blýinnihald blóðs á þriggja mánaða fresti.

Hafi niðurstöður mælinga síðustu þrjú skiptin þegar mælt var, sýnt að blýmagn í blóði er undir 0,8  $\mu\text{mól/l}$  blóð hjá konum undir 50 ára aldri eða undir 1,5  $\mu\text{mól/l}$  blóð hjá öðru starfsfólki er aðeins þörf á einni mælingu á ári að því tilskildu að vinnuáðstæður séu óbreyttar.

Komi í ljós við heilsufarsskoðun eða reglulega mælingu á blýi í blóði að blýinnihald í blóði er jafnt eða meira en 0,8  $\mu\text{mól/l}$  hjá konum undir 50 ára aldri eða 1,5  $\mu\text{mól/l}$  blóð hjá öðru starfsfólki skal atvinnurekandi kanna ástæður þess og grípa til ráðstafana til að draga úr upptöku blýs hjá viðkomandi starfsfólki.

Sýnataka og greiningar á blýinnihaldi í blóði starfsmanna skal gerð af aðilum sem hafa til þess nægilega kunnáttu.

Vinnueftirlit ríkisins getur krafist frekari heilsufarsskoðana og mælinga á blýi í blóði en fjallað er um í þessum lið. Atvinnurekandi skal veita þeim er framkvæmir heilsufarsskoðunina allar nauðsynlegar upplýsingar vegna hennar. Sá sem framkvæmir heilsufarsskoðun skal tilkynna Vinnueftirliti ríkisins um niðurstöður hennar svo og viðkomandi starfsmanni.

Atvinnurekandi skal senda niðurstöður mengunarmælinga og greininga á styrk blýs í blóði til Vinnueftirlits ríkisins. Einnig skal hann kynna niðurstöðurnar fyrir öryggisráðgjafarmönnum og öryggisvörðum og í samráði við þá leggja mat á niðurstöðurnar. Fari starfsmaður fram á það skal atvinnurekandi láta honum í té niðurstöður mengunarmælinga og greininga á blýi í blóði er varða hann sérstaklega. Atvinnurekanda eða öðrum sem þekkja til niðurstaðna blóðrannsóknna er óheimilt að greina óviðkomandi frá þeim nema með samþykki viðkomandi starfsmanna.

1.2. Óheimilt er að láta ungmenni yngra en 18 ára vinna þar sem hætta er á blýmengun. Bann þetta gildir þó ekki um vinnu sem er hluti af námi ungmennis og vinnu í faginu að námi loknu.

Komi í ljós við heilsufarsskoðun eða reglubundna mælingu á blýi í blóði að blýinnihald í blóði er jafnt eða meira en 1,5  $\mu\text{mól/l}$  blóð hjá konum undir 50 ára aldri eða 2,3  $\mu\text{mól/l}$  blóð hjá öðru starfsfólki skulu viðkomandi flutt í starf þar sem ekki er til

staðar blýmengun. Ekki má láta viðkomandi vinna í blýmengun fyrr en blýinnihald í blóði er minna en 1,0  $\mu\text{mól/l}$  hjá konum undir 50 ára aldri og 2,0  $\mu\text{mól/l}$  blóð hjá öðru starfsfólki.

Komi í ljós í þrjú skipti í röð við reglubundna mælingu á þriggja mánaða fresti á blýi í blóði að blýinnihald í blóði er á bilinu 1,0 og 1,5  $\mu\text{mól/l}$  blóð hjá konum undir 50 ára aldri eða á bilinu 2,0 og 2,3  $\mu\text{mól/l}$  blóð hjá öðru starfsfólki skulu viðkomandi flutt í starf þar sem ekki er til staðar blýmengun. Ekki má láta viðkomandi vinna í blýmengun fyrr en blýinnihald í blóði er minna en 1,0  $\mu\text{mól/l}$  blóð hjá konum undir 50 ára aldri og 2,0  $\mu\text{mól/l}$  blóð hjá öðru starfsfólki.

Konur sem vinna í blýmengun skulu tilkynna atvinnurekanda um þungun sína án ástæðulausrar tafar þegar sú vitneskja liggur fyrir. Óheimilt er að láta konur vinna í blýmengun sem tilkynnt hafa atvinnurekanda að þær séu barnshafandi.

### 1.3 Aðferðir til að mæla blý í blóði og líffræðilega vísbendingu um blýáhrif.

*Blýmagn í blóði:* Frumeindagleypin litrófsmæling

*ALAU:* DAVIS-aðferðin <sup>(1)</sup> eða jafngild aðferð

*ZPP:* Blóðflúormæling <sup>(2)</sup> eða jafngild aðferð

*ALAD:* Evrópsk staðalaðferð <sup>(3)</sup> eða jafngild aðferð

<sup>(1)</sup> Davis J. R. og Andelman S. L. „Urinary delta-aminolevulinic acid levels in lead poisoning. A modified method for the rapid determination of urinary delta-aminolevulinic acid using disposable ion-exchange chromatographic columns“. Arch. Environ. Health 15, 53-9 (1967).

<sup>(2)</sup> Blumberg W. E., Eisinger J., Lamola A. A. og Zuckerman D. M. „Zinc protoporphyrin level in blood determination by a portable hematofluometer. A screening device for lead poisoning“. J. Lab. Clin. Med. 89, 712-723 (1977).

<sup>(3)</sup> a) Tilskipun ráðsins 77/312/EBE frá 29. mars 1977 um líffræðilega skimun íbúa vegna blýáhrifa. Stj. tíð. EB nr. L 105, 28. 4. 1977, bls. 10 (III. viðauki).

b) A. Berlin og K. H. Schaller „European Standardized Method for the determination of delta-aminolevulinic acid dehydratase activity in blood“. 3. Klin. Chem. Klin. Biochem. 12, 389-390 (1974).

Reglur nr. 698/1995 um blý og blýsölt féllu f.o.m árinu 2004 undir Reglugerð um verndun starfsmanna gegn hættu á heilsutjóni af völdum efna á vinnustöðum nr. 553/2004:

**Reglur nr. 98/2002**  
**um verndun starfsmanna gegn hættu á heilsutjóni af völdum efna**  
**sem geta valdið krabbameini eða stökkbreytingu á vinnustöðum**

11. gr.

*Skrá yfir starfsmenn*

1. Atvinnurekandi skal halda skrá yfir þá starfsmenn sem starfa á vinnusvæði innan fyrirtækis eða stofnunar þar sem heilsu og öryggi manna er hættu búin. Í skránni skal tilgreina um hvers konar starf er að ræða og, ef unnt er, frá hvaða efni sem getur valdið krabbameini eða stökkbreytingu mengunin stafaði, ásamt lýsingu á mengun, slysum og óhöppum, eftir því sem við á.
2. Atvinnurekandi skal varðveita skrána skv. 1. mgr. (*1. gr. fjallar um gildissvið reglugerðarinnar*) í 40 ár eftir að starfsmaður lætur af störfum með efni sem getur valdið krabbameini eða stökkbreytingu.
3. Vinnueftirlit ríkisins og sá er annast heilsuvernd starfsmanna skv. 12. gr. skulu hafa aðgang að skránni skv. 1. mgr.
4. Þegar starfsemi fyrirtækis eða stofnunar er lögð niður skal afhenda Vinnueftirliti ríkisins eintak af skránni skv. 1. mgr. og skal það varðveita hana í samræmi við ákvæði þetta.

12. gr.

*Heilsuvernd starfsmanna*

1. Þegar áhættumatið skv. 4. gr. (*4. gr. fjallar um áhættumat*) gefur til kynna að heilsu og öryggi starfsmanna er hættu búin, skal atvinnurekandi sjá til þess að umræddir starfsmenn njóti heilsuverndar, sbr. XI. kafla laga nr. 46/1980 og gildandi reglur um læknisskoðun og heilsuvernd.
2. Heilsuvernd skv. 1. mgr. skal meðal annars fela í sér að starfsmaður geti gengist undir læknisskoðun áður en hann hefur störf, þar sem hættu er á mengun, og reglulega eftir það. Enn fremur skal vera unnt að koma við aðhlyningu eða úrbótum á hollustuháttum á vinnustað án ástæðulauss dráttar.

3. Hafi starfsmaður orðið fyrir sýkingu eða veikindum sem grunur leikur á að rekja megi til mengunar frá efni sem getur valdið krabbameini eða stökkbreytingu, skal sá læknir sem ber ábyrgð á heilsuvernd starfsmanna gefa öðrum starfsmönnum, sem unnið hafa við sömu aðstæður, kost á að gangast undir læknisskoðun. Þegar svo ber undir skal endurmeta áhættumatið skv. 4. gr.
4. Sá er annast heilsuvernd starfsmanna skal varðveita skrá um heilsuvernd starfsmanns í 40 ár eftir að starfsmaður lætur af störfum með efni sem getur valdið krabbameini eða stökkbreytingu. Fara skal með slíkar upplýsingar sem trúnaðarmál.
5. Sá er annast heilsuvernd starfsmanna skal gera tillögu um hvaða verndar- eða forvarnaráðstafanir skuli gera með tilliti til einstakra starfsmanna, sjá II. viðauka.
6. Atvinnurekandi skal upplýsa og leiðbeina starfsmönnum um hvers konar heilsuvernd þeir eiga kost á eftir að þeir láta af störfum með efni sem getur valdið krabbameini eða stökkbreytingu.
7. Starfsmenn skulu í samræmi við lög og gildandi reglur hafa aðgang að niðurstöðum heilsuverndar er varðar persónu þeirra. Einnig er hlutaðeigandi starfsmönnum eða atvinnurekanda heimilt að krefjast þess að niðurstöður heilsuverndar verði endurskoðaðar.
8. Atvinnurekandi skal tilkynna Vinnueftirliti ríkisins um öll sjúkdómstilfelli eða dauðsföll sem álitin eru afleiðing vegna mengunar af efni sem getur valdið krabbameini eða stökkbreytingu á vinnustað.
9. Þegar starfsemi fyrirtækis eða stofnunar er lögð niður skal afhenda Vinnueftirliti ríkisins eintak af skránni skv. 4. mgr. og skal það varðveita hana í samræmi við ákvæði þetta.

## II. VIÐAUKI

### Hagnýt ráð um framkvæmd heilsuverndar starfsmanna. (5. mgr. 12. gr.)

Hver sá sem ber ábyrgð á heilsuvernd starfsmanna sem geta orðið fyrir mengun af efnum sem geta valdið krabbameini skal hafa þekkingu á aðstæðum og aðstöðu hvers starfsmanns.

Heilsuvernd starfsmanna skal framkvæmd í samræmi við reglur og venjur innan atvinnusjúkdómafræðinnar, og skal að minnsta kosti fela í sér eftirtalið:

- a) að haldin sé skrá um heilsufarssögu og starfsferil starfsmanns,
- b) persónulegu viðtali,
- c) líffræðilegum mælingum, eftir því sem við á, og að veitt sé athygli þeim áhrifum sem koma fram snemma eða geta gengið til baka.

Ákveða má frekari prófanir en kveðið er á um í 2. mgr. þessa viðauka, fyrir hvern starfsmann sem fellur undir heilsuvernd, í ljósi nýjustu þekkingar á sviði atvinnusjúkdómafræði á hverjum tíma.

*Reglur nr. 699/1995 um vinnu með vínjlkloríðeinliðu falla nú undir Reglur nr. 098/2002 um verndun starfsmanna gegn hættu á heilsutjóni af völdum efna sem geta valdið krabbameini eða stökkebreytingu á vinnustöðum.*

### [Reglur 764/2001](#) [um verndun starfsmanna gegn hættu á heilsutjóni af völdum líffræðilegra skaðvalda á vinnustöðum](#)

#### III. KAFLI Heilsuvernd

##### 13. gr.

##### *Heilsuvernd starfsmanna*

1. Þegar áhættumatið skv. 4. gr. (4. gr. fjallar um áhættumat vegna líffræðilegra skaðvalda) gefur til kynna að heilsu og öryggi starfsmanna sé hættu búin, skal atvinnurekandi sjá til þess að umræddir starfsmenn njóti heilsuverndar, sbr. XI. kafla laga nr. 46/1980 og gildandi reglur um læknisskoðun og heilsuvernd.

2. Heilsuvernd skv. 1. mgr. skal meðal annars fela í sér að starfsmaður geti gengist undir læknisskoðun áður en hann hefur störf, þar sem hættu er á mengun og reglulega eftir það.

Enn fremur skal vera unnt að koma við aðhlyningu eða úrbótum á hollustuháttum á vinnustað án ástæðulauss dráttar.

3. Veita skal þeim starfsmönnum, sem ekki eru þegar ónæmir gegn þeim líffræðilega skaðvaldi sem þeir verða fyrir eða kunna að verða fyrir mengun frá, viðeigandi bólusetningu, sbr. VII. viðauka. Hafi starfsmaður orðið fyrir sýkingu eða veikindum sem grunur leikur á að rekja megi til mengunar frá líffræðilegum skaðvaldi, skal sá læknir sem ber ábyrgð á heilsuvernd starfsmanna gefa öðrum starfsmönnum, sem unnið hafa við sömu aðstæður, kost á að gangast undir læknisskoðun. Þegar svo ber undir skal endurmeta áhættumatið skv. 4. gr.

4. Sá er annast heilsuvernd starfsmanna skal varðveita skrá um sjúkrasögur starfsmanna í 10 ár, frá því að mengunarástandi var síðast aflétt samkvæmt gildandi lögum og reglum, sbr. þó III. viðauka. (*Í III viðauka er listi yfir flokkaða líffræðilega skaðvalda sem vitað er að smita menn.*) Þegar um er að ræða tilvik skv. 3. mgr. 11. gr. (*Í 3. mgr. 11. gr. er talin upp ýmiss konar mengun sem getur valdið tilteknu smiti, sjá þar*) skal sá er annast heilsuvernd starfsmanna varðveita skrá um sjúkrasögur starfsmanna í 40 ár frá því að mengunarástandi var síðast aflétt. Fara skal með slíkar upplýsingar sem trúnaðarmál.

5. Sá er annast heilsuvernd starfsmanna skal gera tillögu um hvaða verndar- eða forvarnarráðstafanir skuli gera með tilliti til einstakra starfsmanna, sjá IV. viðauka.

6. Atvinnurekandi skal upplýsa og leiðbeina starfsmönnum um hvers konar heilsuvernd þeir eiga kost á eftir að mengunarástandi hefur verið aflétt.

7. Starfsmenn skulu í samræmi við lög og gildandi reglur hafa aðgang að niðurstöðum heilsuverndar er varðar persónu þeirra. Einnig er hlutaðeigandi starfsmönnum eða atvinnurekanda heimilt að krefjast þess að niðurstöður heilsuverndar verði endurskoðaðar.

8. Atvinnurekandi skal tilkynna Vinnueftirliti ríkisins um öll sjúkdómstilfelli eða dauðsföll sem álitin eru afleiðing vegna mengunar af líffræðilegum skaðvöldum á vinnustöðum.

9. Þegar starfsemi fyrirtækisins eða stofnunar er lögð niður skal afhenda Vinnueftirliti ríkisins eintak af skránni skv. 4. mgr. og skal það varðveita hana í samræmi við ákvæði þetta.

### III. VIÐAUKI

#### **Leiðbeiningar um framkvæmd heilsuverndar starfsmanna. (5. mgr. 13. gr.)**

1. Þeir sem annast skulu heilsuvernd starfsmanna sem geta orðið fyrir mengun af líffræðilegum skaðvöldum skulu þekkja aðbúnað og aðstæður hvers starfsmanns sem þannig er ástatt um.
2. Heilsuvernd starfsmanna skal fara fram samkvæmt meginreglum og starfsaðferðum atvinnusjúkdómafræðinnar, og skal það fela í sér að minnsta kosti eftirfarandi:
  - að haldin sé skrá um heilsufarssögu og starfsferil starfsmanns,
  - að fram fari persónulegt mat á heilsufari starfsmanns,
  - að fram fari, eftir því sem við á, líffræðilegt eftirlit og greining á einkennum sem koma snemma fram og unnt er að bæta úr.
 Heimilt er að kveða á um frekari rannsóknir á einstökum starfsmönnum sem lúta heilsuvernd í ljósi aukinnar þekkingar á sviði atvinnusjúkdómafræði.

### VII. VIÐAUKI

#### **Ráðlagðar starfsreglur um bólusetningu. (3. mgr. 13. gr.)**

1. Þegar niðurstaða áhættumats skv. 4. gr. gefur til kynna að heilsu og öryggi starfsmanna er hætta búin vegna mengunar frá líffræðilegum skaðvöldum sem virkt bóluefni er til gegn skal atvinnurekandi veita umræddum starfsmönnum kost á bólusetningu.
2. Bólusetning skal fara fram í samræmi við lög eða landsvenjur. Enn fremur skal upplýsa starfsmenn um kosti og ókosti bólusetningar og þess að láta það ógert.
3. Bólusetning skal vera starfsmanninum að kostnaðarlausu.
4. Heimilt er að gefa út vottorð um bólusetningu fyrir hlutaðeigandi starfsmann og Vinnueftirlit ríkisins, óski þau eftir því.

## Reglur um skjávinnu 498/1994

### 9. gr.

#### *Augn- og sjónvernd starfsmanna*

1. Starfsmenn skulu eiga rétt á að hæfur aðili prófi augu þeirra og sjón á viðeigandi hátt áður en skjávinna hefst
  - með jöfnu millibili eftir það
  - ef fram koma vandkvæði tengd sjón sem gætu átt rót að rekja til skjávinnu.
  
2. Starfsmenn skulu eiga rétt á skoðun hjá augnlækni ef niðurstöður prófsins sem um getur í 1. mgr. gefa til kynna að þess þurfi.
  
3. Sjá verður starfsmanni fyrir sérstökum búnaði til úrbóta sem hæfir því starfi sem um er að ræða ef niðurstöður prófsins eða skoðunarinnar sem um getur í 1. og 2. mgr. sýna að það sé nauðsynlegt og ekki er hægt að nota venjuleg gleraugu, snertilinsur eða þvíumlíkt.
  
4. Ráðstafanir sem gerðar eru samkvæmt þessum reglum mega aldrei hafa í för með sér aukakostnað fyrir starfsmenn.

### **Heilsufar sérstakra hópa**

Í [athugasemdum](#) sem gerðar voru við lagafrumvarp nr. 68/2003 um breytingar á Vinnuverndarlögunum er mælt með því að undir ákvæðið um heilsufarsskoðanir falli sú skylda, sem mælt er fyrir um í a-lið 1. mgr. 9. gr. vinnutímatilskipunarinnar (93/104/ES), að næturvinnustarfsmenn eigi rétt á heilsufarsskoðun sér að kostnaðarlausu áður en ráðning fer fram og með reglulegu millibili þaðan í frá. Hér er einungis átt við heilsufarsskoðun sem tengist starfsskilyrðum starfsmanna en ekki almenna heilsugæslu vegna tilfallandi sjúkdóma eða óþæginda. Starfsmenn skulu leita eftir sem áður til heilsugæslustöðva eða heimilislæknis vegna almennra heilbrigðisþjónustu.

Næturvinnustarfsmenn sem eiga við heilsufarsvandamál að stríða, sem sannanlega verða rakin til vinnutíma skulu, þegar því er við komið, færðir til í dagvinnustörf sem henta þeim. (46/1980, 57. gr.).

## **Þungaðar konur og konur með barn á brjósti**

Ef konur á barnseignaraldri eða þungaðar konur eru á vinnustaðnum ber að hafa í huga að það, sem getur verið hættulaust fyrir aðra, getur verið varhugavert ef þunguð kona á í hlut. Meta skal áhættu fyrir öryggi og heilbrigði og hugsanleg áhrif á þungaðar konur eða konur sem hafa barn á brjósti. Taka skal ákvörðun um ráðstafanir út frá því.

### **Reglugerð nr. 931/2000 um ráðstafanir til þess að auka öryggi og heilbrigði á vinnustöðum fyrir konur sem eru þungaðar, hafa nýlega alið barn eða hafa barn á brjósti**

2. gr.

*Hugtök*

Þegar hugtökin „þunguð kona“, „kona sem hefur nýlega alið barn“ og „kona sem hefur barn á brjósti“ eru notuð í reglugerð þessari er átt við starfsmenn sem hafa greint vinnuveitanda sínum frá því ásigkomulagi sínu.

3.gr.

*Mat og upplýsingar*

Þegar störf geta haft í för með sér hættu sakir mengunar, vinnuaðferða eða vinnuskilyrða, sbr. skrá í I. viðauka, skal vinnuveitandi eða þjónustuaðili á sviði vinnuverndar og forvarna, samkvæmt ósk vinnuveitanda, meta eðli hættunnar fyrir starfsmenn, sbr. 2. gr., á hlutaðeigandi vinnustað, umfang hennar og hve lengi hún stendur yfir svo unnt sé að:

- a. meta áhættu fyrir öryggi og heilbrigði og hugsanleg áhrif á þungaðar konur eða konur sem hafa barn á brjósti,
- b. taka ákvörðun um ráðstafanir.

*(Í I. viðauka er skrá yfir helstu skaðvalda, vinnuaðferðir og vinnuskilyrði sem getið er um í 1. mgr. 3. gr.)*

5. gr.

*Tilvik þar sem vinna er bönnuð.*

Óheimilt er að skylda þungaðar konur til að vinna störf sem mat skv. 1. mgr. 3. gr. hefur sýnt að gætu verið hættuleg vegna mengunar eða vinnuskilyrða, sbr. A-lið II. viðauka, og

gætu stefnt öryggi og heilbrigði þeirra í voða. (*Í viðauka II er skrá yfir helstu skaðvalda og vinnuskilyrði sem getið er um í 5. gr.*)

Einnig er óheimilt að skylda konur sem hafa barn á brjósti til að vinna störf sem mat skv. 1. mgr. 3. gr. hefur sýnt að gætu verið hættuleg sakir mengunar eða vinnuskilyrða, sbr. B-lið II. viðauka, og gætu stefnt öryggi og heilbrigði þeirra í voða.

#### 6. gr.

##### *Vinna að næturlagi*

Óheimilt er að skylda starfsmenn í skilningi 2. gr. til að vinna að næturlagi á meðgöngutíma og jafnframt í allt að sex mánuði eftir barnsburð, enda sé slíkt nauðsynlegt vegna öryggis og heilbrigðis hennar og hún staðfesti það með læknisvottorði.

### **Reglugerð nr. 426/1999 um vinnu barna og unglina**

#### 1. gr.

##### *Hugtök.*

Reglugerð þessi tekur til vinnu einstaklinga undir 18 ára aldri.

*Ungmenni* merkir í reglugerð þessari einstakling undir 18 ára aldri.

*Barn* merkir í reglugerð þessari einstakling undir 15 ára aldri eða sem er í skyldunámi.

*Unglingur* merkir í reglugerð þessari einstakling sem hefur náð 15 ára aldri en er undir 18 ára aldri og er ekki lengur í skyldunámi.

#### 4. gr.

##### *Almennt ákvæði*

Við öll störf ungmenna undir 18 ára aldri skal við val og skipulagningu á vinnu leggja áherslu á að öryggi og að andlegu og líkamlegu heilbrigði ungmenna sé ekki hætta búin og að vinnan hafi ekki truflandi áhrif á menntun þeirra eða þroska.

*Í 5. grein er fjallað um ábættumat. Þar segir m.a.:*

Sýni matið að öryggi, líkamlegri eða andlegri heilsu eða þroska ungmennis geti verið stofnað í hættu skal atvinnurekandi sjá til þess að reglulega fari fram viðeigandi skoðun og eftirlit með heilsu ungmenna þeim að kostnaðarlausu. Við mat á áhættu skal sérstaklega taka tillit til hættunnar sem stafar af ungum aldri, skorts á reynslu og meðvitund um hættur starfsins, ásamt því að ungmennin eru ekki fullþroska. Við mat á varúðarráðstöfunum skal jafnframt taka tillit til líkamlegra, lífrænna, efnafræðilegra og

sálrænna áhrifa sem ungmenni geta orðið fyrir til lengri eða skemmri tíma vegna vinnunnar.

*Taka ber tillit til viðmiða um vinnutíma fyrir mismunandi aldur, sem fram koma í reglugerðinni.*

Í 70. gr. vinnuverndarlaganna segir: Félagsmálaráðherra getur sett sérstakar reglur, að fenginni umsögn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins um læknisskoðun barna og unglinga undir 18 ára aldri, þegar þau hefja störf. Í þessum tilvikum gildir 67. gr. laga þessara. Sérstaka skoðun má fella niður, ef fyrir liggur nýtt vottorð skólalæknis um það, að hann hafi skoðað viðkomandi og ekki sé vitað til að hann hafi eða hafi áður haft neinn þann sjúkdóm, sem geti haft áhrif á öryggi hans eða heilbrigði í tilteknu starfi.

### **Nokkrar aðrar reglur og reglugerðir**

Á heimasíðu Vinnueftirlitsins má finna allar reglur og reglugerðir sem heyra undir vinnuverndarlögin og einnig þær sem Vinnueftirlitinu er falið að hafa eftirlit með framkvæmd á og/eða varða starfsemi þess á einhvern hátt. Sjá: [www.vinnueftirlit.is](http://www.vinnueftirlit.is)

#### **M.a. má nefna:**

- Reglugerð um varnir gegn hættu á stórslysum af völdum hættulegra efna ([160/2007](#))
- Reglugerð um aðgerðir gegn einelti á vinnustöðum ([1000/2004](#))
- Reglugerð um notkun tækja ([367/2006](#))
- Reglugerð um ráðstafanir til að bæta öryggi og hollustuhætti starfsmanna í afleysingastarfi eða tímabundnu starfi ([433/1997](#))
- Reglur um notkun persónuhlífa ([497/1994](#))

### **Skráning og tilkynning slysa og óhappa**

Vinnueftirlitið, þeir aðilar sem starfa að vinnuvernd innan fyrirtækja (sbr. 46/1980, 4.–6. gr.), öryggistrúnaðarmenn, öryggisverðir og viðurkenndir þjónustuaðilar sem vinna fyrir atvinnurekanda (46/1980, 66. gr. a) skulu hafa aðgang að slysa- og óhappaskrá vinnustaða. Atvinnurekandi, og þeir aðilar sem taldir eru upp hér að framan, skulu fara með persónuupplýsingar úr slysa- og óhappaskrá sem trúnaðarmál.

Atvinnurekandi skal án ástæðulausrar tafar tilkynna Vinnueftirlitinu öll slys þar sem starfsmaður deyr eða verður óvinnufær í einn eða fleiri dag, auk þess dags þegar slysið

varð. Slys þar sem líkur eru á að starfsmaður hafi orðið fyrir langvinnu eða varanlegu heilsutjóni skal tilkynna Vinnueftirlitinu eigi síðar en innan sólarhrings (46/1980, 79.gr.). Tilkynningin skal berast Vinnueftirlitinu skriflega innan viku. Þeir aðilar sem starfa að vinnuvernd innan fyrirtækja, þar með taldir viðurkenndir þjónustuaðilar, skulu fá afhend afrit af tilkynningunni. Eyðublöð vegna tilkynninga slysa má finna á heimasíðu Vinnueftirlitsins, [www.vinnueftirlit.is](http://www.vinnueftirlit.is) undir flípanum [Eyðublöð og tilkynningar](#).

Læknir sem kemst að því eða fær grun um að starfsmaður eða hópur starfsmanna hafi atvinnusjúkdóm, atvinnutengdan sjúkdóm eða hafi orðið fyrir öðrum skaðlegum áhrifum vegna starfa sinna, skal án ástæðulausrar tafar tilkynna það til Vinnueftirlitsins.

*80. gr.*

Atvinnurekandi skal tilkynna Vinnueftirlitinu án ástæðulauss dráttar og eigi síðar en innan sólarhrings um öll slys eða óhöpp þar sem vera kann að hvers konar hættuleg efni eða efnavörur geti valdið mengun. Skal atvinnurekandi veita upplýsingar um aðstæður á slysstað, um hvers konar efni er að ræða og hvaða ráðstafana gripið hefur verið til eftir því sem frekast er unnt.

Atvinnurekandi skal upplýsa þá starfsmenn sem er hætta búin eða fulltrúa þeirra án tafar um öll slys eða óhöpp þar sem vera kann að hættuleg efni og efnavörur geti valdið mengun.

Vinnueftirlitið skal tilkynna Umhverfisstofnun um tilvik þar sem hætta er á að mengunin dreifist út fyrir vinnustaðinn.

**Listi yfir atvinnusjúkdóma sem Vinnueftirlitið óskar eftir að séu tilkynntir**

Listinn er byggður á „Commission Recommendation of 19. September 2003“ Evrópulista yfir atvinnusjúkdóma ( C(2003)3297)